


SÆRAF EHF



**Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindapjónusta
Siglingatækjapjónusta**

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 891 7360 - 891 8260 - sraf.is

**Halla Ólafsdóttir
mannfræðingur hjá RÚV**

— sjá bls. 6 – 9.

Við erum öll eins í grunninn og höfum þá eðlishvöt að brosa og hlæja ef eitthvað er skondið. Þannig að ég komst að því að ef maður tekur sig ekki of alvarlega og hefur í huga að við erum jú öll fólk verður allt margfalt léttara.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 3. desember 2015 · 48. tbl. · 32. árg. · Ókeypis eintak



 HAMRABORG Hamraborg ehf • Hafnastræti 7 Sími 456 3166	 HAMRABORG SAMLOKA Geymist við 0-4°C með hangikjöti og salati	 HAMRABORG SAMLOKA Geymist við 0-4°C með roastbeef	 HAMRABORG SAMLOKA Geymist við 0-4°C með kjúklingasalati	 HAMRABORG SAMLOKA Geymist við 0-4°C með rækjum og eggjum	<i>alltaf nýsmurt</i>
--	---	--	--	---	----------------------------------

Skellur vann og Skellur tapaði

Sannkölluð blakveisla fór fram í Íþróttahúsinu á Torfnesi um helgina. Karla og kvennalið blakdeildar Hamars í Hveragerði lagði land undir fót til að keppa við Skell á Ísafirði í Íslands-mótinu. Bæði liðin eru nokkuð jöfn að styrkleika, fyrir leik var karlalið Skells í 3ja sæti og Hamar í 4ja sæti og kvennalið Skells í 8. sæti en Hamar í 7. sæti.

Karlaliðið tók tvo leiki um helgina og skemmst er frá því að segja að Hamar var talsvert sterkari og vann báða leikina, Skellur náði einni sigurhrinu og fóru leikirnir því 1-3 og 0-3 fyrir Hamri. Þar með er Hamar kominn í góða stöðu í deildinni en Skellur þarf að herða sig. Næstu helgi þarf liðið að fara á Flúðir og etja kappi við Hrunamenn sem tróna nú á toppi deildarinnar.

Kvennaliðið sýndi hörku-baráttu í sínum 5 hrinu leik, landaði sigri og skipti um sæti við Hamarsstúlkur. Á föstudag og laugardag keppir kvennaliðið við Ými og Alftanes fyrir sunnan.



Kvennalið Skells.



Finnogi Hermannsson

— Sjónarmið —

Draumasveitarfélag reglustikumannsins

Þegar ég fór út á tröppur nú síðsumars til að kalla á köttinn Egil Indriða Möller svaraði heil hersing af íbúum Hnífsdals. Lömb fyrir handan á, hæurnar hans Hinriks, hundar inni á Bakkavegi, þröstur upp á loftneti, rjúpukarri í Hvammi og hrossagaukur í loftfimleikum. Fyrir nú utan börnin sem einmitt höfðu séð köttinn úti á kapellulóð og loks Egill sjálfur sem kom töltandi að utan og heilsaði mér með glöðu mjálmi. Hann er nefnilega hálfur Norðmaður eins og Geir Haarde og hefur allt að því mannsvit. Er skógarköttur að móðurkyni en faðirinn íslenskur, samt snögg-hærður og með stærstu köttum. Egill Indriði er langt frá því að vera lúmskur og flestar athafnir hans mjög fyrirsjáanlegar. Hann þarf að fá sinn fasta skammt af ást og umhyggju á hverjum degi og er margbúinn að gjalda fósturlaunin með blíðu og notalegheitum fyrir utan að halda niðri músagangi.

Ég kveikti á útvarpinu þegar ég kom inn og þá var einmitt verið að lesa frétt um draumasveitarfélagið á Íslandi. Það var náttúrulega sem fyrr Seltjarnarnes. Og ég sem hélt að það væri enn þá bara lítið

og lágt. Nei, Seltjarnarnesið hafði sko aldeilis fengið uppreisn æru og þar drógu menn ekki lengur marhnút í drenginn sinn. Eina sveitarfélagið sem skoraði yfir 9 í könnun talnaspekirtsins Vís-bendingar. Garðabær var númer tvö, Bolungarvík í algjörum rassi með einkunnina 3.9 svo tekin sé nágranni og sá forni og vinalegi kaupstaður Hafnarfjörður nær varla máli sem draumasamfélag með einkunnina 3.0.

Þegar ritstjóri Vísbendingar gerir grein fyrir þeim forsendum sem liggja að baki einkunnagjöf-inni kemur í ljós að Seltjarnarnes er draumasveitarfélag reglustikumanna. Og vafalaust íbúanna líka þótt það komi hvergi fram. Reyndar er útsvar lágt, fasteignagjöld í hófi svo og aðrir taxtar sveitarfélags sem býr við góðan fjárhag. En því er svo farið með fréttáflutning að þar verður smáaletrið ekki sett á oddinn, heldur reynt að finna eitthvert inntak og koma því á óbrjálað mál. Draumasveitarfélag er gildishlaðið orð, kannski næsti bær við Paradís. Og þau sveitarfélög sem fjærst eru draumasveitarfélaginu gætu þess vegna heitið martraðar-sveitarfélög svo líkingunni sé haldið.

Daginn eftir þegar menn fara í

sín fjós og róa til fiskjar er fréttin um draumasveitarfélagið þeim ekki efst í huga. En eitthvert slitur situr þó eftir í minninu og þegar næst verður minnst á hið lága Seltjarnarnes og hinn auðuga Garðabær er þeim hvíslað í eyra; Draumasveitarfélag. Það er einmitt svona sem spunameistarar og heilapvottamenn starfa, án þess að ég sé að væna Vísbendingarmenn um slíkt. En svona eru spunafræðin.

Hérna er náttúrulega ekki verið að kafa ofaní fortíðina um þróun sveitarfélaganna í nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Það er önnur Ella. Sveitarfélög sem lifðu sníkjulífi á gömlu kaupstöðunum Reykjavík og Hafnarfirði í áratugi. Gamli menn muna eftir brunanum á Setbergi í Garðahreppi við bæjardyr Hafnarfjarðar. Slökkviliðsstjórinn í Hafnarfirði neitaði að senda sína menn og tæki á staðinn. Hélt því áfram að brenna um sinn á Setbergi því Garðahreppur átti ekki slökkvilið að gagni og treysti á Hafnarfjörð. Seltjarnarnes var og er svefnbær frá Reykjavík og þar draga menn ekki einu sinni þyrskling í drenginn sinn. Starf vitavardarins í Gróttu löngu af lagt og vitanum stjórnað sjálfvirkir frá Reykjavík. Bæði þessi umræddu draumasveitarfélög



Egill Indriði.

þurftu ekki að leggja fé í þá samfélagsþjónustu sem þau gátu þáð af nágrönnum sínum og losnuðu við stofnkostnað og lántökur en greiddu eftir gjaldmáli. Þetta hefur auðvitað breyst.

Ég hóf að segja frá kettinum Agli Indriða Möller hér að framan og þeim fjölradda kór í draumasamfélaginu Hnífsdal sem svaraði kallinu ásamt kettinum. Egill Indriði var í heiminn borinn suður í Þorlákshöfn. Dóttir mín Rannveig tók hann í fóstur frumvaxta og ólst hann upp í blokk í Reykjavík. Þar fékk hann ekki að fara út fyrir dyr en var kennt á klósett. Stálpaður fór hann í geymslu vestur í Hnífsdal þar sem hann var svo ættleiddur. Fékk að fara út fyrsta daginn, en kom hlaupandi inn í spreng að gera þarfir sínar í klósettið. Sá fljótt af hyggjuviti sínu að það voru klósett úti um

allar koppagrundir í Hnífsdal og hætti að koma heim í spreng. Hefur þó klósettið í baghaanden ef hann lokast inni og hefur engu gleymt eftir þrjú ár.

Í þessu samhengi mætti spyrja um draumasveitarfélagið frá sjónarmiði katta. Þegar bær og kaupþún verða rík og fín með sig og leggja mikið upp úr útliti sínu hneigjast þau oft til að banna kattahald. Og hver köttur rétttræpur sem villist inn fyrir bæjarmörkin. Það kalla ég skýra vísbendingu um hnignun mannlífs og þess vegna er kattahald mælikvarði á manneskjuna. Reglustikumennirnir hjá Vísbendingu mega svo halda áfram að reikna út draumasveitarfélagið á reiknistokkinn sinn allt til enda veraldarinnar.

Finnogi Hermannsson
draumasamfélaginu Hnífsdal



JÓLATILBOÐ

Jólatilboð á öllum
sængum og koddum



Laugaveg 86

sími 5518740 / 5112004



AMNESTY
INTERNATIONAL



SKRIFAÐU UNDIR NÚNA

BREYTTU HEIMINUM!

Nýttu nafnið þitt til að skrifa undir bréf til stjórnvalda sem brjóta mannréttindi.

Vertu með í bréfamaraðoni Amnesty International
í Edinborgarhúsinu laugardaginn 5. desember frá 13 til 16.

Undirskrift þín skiptir meira máli en þú heldur!



Útgefandi: Athafnagæði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöndum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Þar kom að'í

Loksins eitthvað fútt í veðrinu, vetur konungur svaf yfir sig þennan veturinn en hrökk á fætur í dag og þegar þessi leiðaraómynd er skrifuð hefur blessaður karlinn vaknað heldur úrillur. Allir fréttamiðlar færa fréttir af ófærð og fannfergi, björgunarsveitir biðja landann kurteislega að halda sig heima frekar en að asnast út á fjallvegi á sumardekkjunum. Bein lýsing er á fréttasiðum af umferðateppum, strætótöfum og lokunum grunnskóla, vonandi fer þetta allt vel.

Í blaðinu er viðtal við nýja Vestfirðinginn okkar, heims-hornaflakkarann Höllu Ólafsdóttur sem nú flytur umheiminum fréttir af okkur hér á hjaranum.

Dásamlegur desember er genginn í garð og maður lifandi hvað það er fallet að sjá jólaströnd í gluggum, girnilegar smákökur í bakaríinu og gleðina sem liggur í loftinu. Það er víst ekki í tisku að gleðjast yfir gjafastússi og jólaönnum og hrikalega gamaldags að leggjast í jólaþríf, hvað þá að gortast ef sínum ellefu sortum. Eins og það sé eitthvað að því að leggja sig fram, eins og það sé eitthvað athugasvert að vilja að jólahátíðin verði virkilegur dagamunur. Einnhvern tímann þarf jú að þrifa og af hverju má ekki nota desember í það verkefni, sumir hafa gaman að því að baka og þá er um að gera að nota tækifærið. Föndur og jólakortaskrif við kertaljós og kakó-bolla, það er varla hægt að hafa það notalegra. Allt meðalhófstal og úrtöluorð um jólaundirbúning koma frá þeim sem ekki hafa áhuga, tíma eða nennu til að undirbúa jólin og geta ekki unnt hinum að „missa“ fyrir jólin. Það er meira „inn“ að þvælast út um borg og bý á tónleika, jólahlaðborð og upplestra eins og það sé eitthvað minna stressandi en að strjúka úr hnífaparaskúffunni og baka piparköku-hús með krökkunum. Það er hægt að rjúka á aðkeyptar skemmtan-ir allt árið, reynum að halda jólinum fyrir fjölskylduna.

Áfram jólabörn!

BS

Spurning vikunnar

Viltu sjá fleiri íþróttafréttir í blaðinu?

Alls svöruðu 348.

Já, sögðu 110 eða 31%

Nei, sögðu 238 eða 69%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Sjálfboðaliðar Rauða krossins vinna mikilvæg störf um jólin



Hjálpíð Rauða krossinum að hjálpa öðrum

Rauða kross deildir á norðan-verðum Vestfjörðum eru í sam-vinnu um að taka á móti umsókn-um og úthluta til þeirra sem á þurfa að halda. Stofnaður hefur verið sérstakur sjóður sem veitt er úr, en takmarkað fjármagn er til og því er leitað eftir styrkjum frá fyrirtækjum, félögum og einstaklingum sem gætu látið fé af hendi. Reikningsnúmer sjóðsins er 1174-05-401270 kt. 6207802789

Umsóknir í sjóðinn er hægt að senda á netfangið vestfirdir@redcross.is eða hafa samband í síma 864-6754

Sjálfboðaliðar Rauða krossins um allt land leggja sig fram um að vinna mannúðarstörf þar sem sjónum er einkum beint að þeim sem minna mega sín og eru berskjaldaðir. Sjálfboðaliðarnir vinna störf sín af alúð og trúmennsku og eru markmið félagsins sem grundvallast á mannúð höfð að leiðarljósi. Það sem gerir starf sjálfboðaliðanna svo auðvelt er að um allt land og um allan heim er unnið undir sömu markmiðum að gæta hlutleysis og óhlutdrægni í störfum fyrir félagið.

Þó Ísland sé skilgreint sem ein af ríkustu þjóðum heims þá eru alltaf einhverjir sem eiga erfitt með að ná endum saman. Fólki getur lent í tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, atvinnu-missis eða annars vanda og á þá rétt á lágmarks framfærslu sam-

kvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Oftast dugir sú aðstoð í tímabundnum erfiðleikum en jól og aðrir hátíðisdagar geta reynst fólki erfiðir, einkum barnafjölskyldum. Mikilvægt er að fólki geti gert sér dagamun á hátíðisdögum, farið í betri fötin sín, borðað góðan mat og gefið hvert öðru gjafir.

Rauði krossinn hefur undanfarin ár fengið gjafir og aðstoð frá ýmsum aðilum og sjálfboðaliðum og hefur það komið sér vel en það hefur meðal annars verið í formi jólagjafa, matar, ýmiss konar þjónustu frá hárgreiðslu- og snyrtistofum og fleira. Hefur þetta skipt miklu máli fyrir efnalitar fjölskyldur. Þess vegna hefur Rauði krossinn um árabil getað veitt aðstoð í formi fataúthlutunar, matar- og fjárhagsaðstoðar til einstaklinga og fjölskyldna.

Opið hús á aðfangadagskvöld

Rauði krossinn er bakhjarl geðræktarmiðstöðvarinnar Vesturafis og verða sjálfboðaliðar Rauða krossins með opið hús á Ísafirði á aðfangadagskvöld fyrir þá sem eru einir og vilja fá félags-skap og veita öðrum félags-skap. Boðið verður upp á hátíðarmat og sjálfboðaliðar sjá um að skapa notalega kvöldstund. Hægt er að skrá sig og fá nánari upplýsingar hjá Vesturafli í síma 456-4406.

*Fullt af gjafapökkum
og vinsælum gjafabréfum*

*Opið alla
laugardaga
fram að jólum*

Punt

SNYRTISTOFA

**Hárstofan
MARÍA**

Silfurgötu 6
400 Ísafirði
sími 456 6363

harstofanmaria@simnet.is

GEORG JENSEN

Jólagjafirnar færð þú í PRISTI



PRISTUR ORMSSON
HAFNARSTRÆTI 12 • 400 ÍSAFIRÐI • SÍMI: 456 4751

PRISTUR EHF
Vélsmiðja • Verslun • Sindragötu 8 • 400 Ísafirði • Sími 456 4750



Frá afhendingu hugrekki- viðurkenningarinnar: Mynd Jóhannes Jónsson/RÚV

Kristín Jóna fékk viðurkenningu fyrir hugrekki

Á föstudag afhenti Stígamót árlegar viðurkenningar sínar til þeirra sem staðið hafa fram úr á árinu í baráttunni gegn kynferðisofbeldi. 11 aðilar voru heiðraðir í þetta sinn og var ein viðurkenninganna veitt í samstarfi við Sólstaði á Ísafirði, viðurkenning fyrir hugrekki, sem veitt var Kristínu Jónu Þórarinsdóttir á Ísafirði. Kristín Jóna með þroskahömlun og hefur hún ítrekað verið fórnarlamb kynferðisofbeldis sem enginn gerenda hefur þurft að svara til saka fyrir. Kristín kom fram í Kastljósi í byrjun nóvember þar sem átakanleg saga hennar var rakin, saga ofbeldis og getuleysis yfirvalda til að gera eitthvað við brotunum.

Um hugrekki- viðurkenningu Kristínar var sagt: Á Stígamótum höfum við undanfarin misseri lagt áherslu á að bæta þjónustu

við fatlað fólk. Ofbeldi gegn fótluðum er algengara en gagnvart öðrum þjóðfélagsþópum og aðgengi að hjálp er takmarkaðra. Það virðist líka vera erfiðara fyrir fatlað fólk að ná réttlæti í gegnum réttarkerfið, eins og kom skýrt fram í Kastljóspáttum sem sýndir voru 3. og 4. nóvember 2015. Kristín Jóna sýndi mikið hugrekki þegar hún kom fram í Kastljósinu og gaf leyfi til þess að sagan hennar yrði sögð. Það varpaði ljósi á óásættanlegt óöryggi fatlaðra og varnarleysi gagnvart þeim sem á þeim vilja brjóta. Finna verður leiðir til þess að fatlað fólk njóti sömu verndar og annað fólk, að það sé tekið alvarlega í réttarkerfinu og að vitnisburður þess sé virtur. Stígamót og Sólstaðir þakka Kristínu fyrir mikilvægt framlag í baráttunni fyrir réttlæti.

Sérfræðingur í deild skírteina og skráninga á Ísafirði



Samgöngustofa leitar að sérfræðingi í deild skírteina og skráninga með starfsstöð á Ísafirði. Starf sérfræðings felst í útgáfu skírteina til íslenskra skipa, s.s. haffærisskírteina, öryggisskírteina, farþegaleyfa og annarra skírteina til skipa til samræmis við gildandi lög og reglur. Hann gefur út leiðarbréf og tímabundin leyfi til þess að skip megi vera í förum, tekur afstöðu til þeirra athugasemda sem fram koma við skoðun skipa og veitir fresti til úrbóta. Starfsmaður tekur á móti innkomandi erindum ásamt öðrum starfsmanni á starfsstöð Samgöngustofu á Ísafirði, færir skoðanir inn í gagnagrunna og annast innheimtu gjalda. Starfshlutfall er 100%.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur J. Briem, deildarstjóri skírteina- og skráninga- deildar, í síma 480 6000.

Umsóknarfrestur er til 14. desember 2015

Hægt er að sækja um störfina rafrænt á www.samgongustofa.is/storf



Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála með um 140 starfsmenn. Stofnuninni er ætlað að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Samgöngustofa annast eftirlit er varðar flug, siglingar, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Samgöngustofu, www.samgongustofa.is

Menntunar- og hæfniskröfur

- Vera handhafi fyllsta skírteinis til skipstjórnar og/eða vélstjórnar.
- Hafa reynslu af alþjóðasiglingum og hafa gegnt stöðu skipstjóra eða yfirvélstjóra á stærri fiski-, farþega- og/eða flutningaskipum.
- Þekkja til þeirra skírteina og gagna sem gefin eru út til skipa í alþjóðlegum siglingum
- Æskilegt er að umsækjandi hafi þekkingu á öryggisstjórnarkerfum (ISM) um borð í skipum eða öðrum gæðakerfum.
- Umsækjandi skal hafa haldgóða þekkingu og færni í ensku og öðrum erlendum tungumálum og hafa þekkingu á notkun algengasta hugbúnaðar.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Samgöngustofa áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Samgöngustofa

Samgöngustofa | Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

Tilboð óskast!



Tilboð óskast í VW Caddy, Maxi 4x4, nýskráður 05.2012, ekinn 62 þ.km.

Bifreiðin er með skemmdan undirvagn eftir umferðaróhapp og selst í því ástandi sem hún er í.

Tilboð berist til innkaupastjóra Gylfa Guðmundssonar gg@ov.is. Stakkanesi 1, 400 Ísafirði, fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 8. desember n.k.

Við áskiljum okkur rétt til að taka hvaða tilboði sem er, eða hafna öllum.



Orkubú Vestfjarða



HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.

Drög að tillögu að matsáætlun

Forsvarsmenn Háafells ehf., dótturfélags Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf. kynna drög að tillögu að matsáætlun fyrir 6.800 tonna framleiðslu á laxi og 200 tonna framleiðslu á þorski í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi samkvæmt reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Drög tillögu að matsáætlun má nálgast á slóðinni: www.frosti.is

Almenningi er gefinn kostur á að kynna sér drögin á vefsíðunni og gera athugasemdir við þau til og með 18.12.2015.

Athugasemdir sendist á netfangið hg@frosti.is eða í pósti:

Háafell ehf.

b/t Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf.

Hnífsdalsbryggju,

410 Hnífsdal.

Farfuglaheimilið á Bíldudal eitt af vinalegustu farfuglaheimilum heims að mati gesta



Silja Baldvinsdóttir tekur við viðurkenningunni. Mynd: Farfuglar

Farfuglaheimilið á Bíldudal hlaut fyrir skömmu viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur að mati gesta sinna sem notast við bókunarsíðu alþjóðasamtaka Farfugla - Hostelling International. Farfuglaheimilið lenti í þriðja sæti í kosningunni um vinalegasta farfuglaheimilið og náði auk þess í fimmta sætið fyrir störf sín að umhverfismálum. Þetta er sérlega glæsilegur árangur þar sem alls eru um 2500 farfuglaheimili um allan heim bókunleg á bókunarsíðunni. Til þess að komast á listana þarf

hvert heimili að fá álit frá fleiri en 60 gestum.

Veitt eru verðlaun fyrir besta farfuglaheimilið að mati gesta-anna og auk þess eru veitt verðlaun í 5 mismunandi flokkum. Við afhendingu viðurkenningarinnar sagði Silja Baldvinsdóttir framkvæmdastjóri og eigandi Farfuglaheimilisins á Bíldudal „Mér er mikið umhugað um gestina mína og fyrir mér eru gestirnir á Farfuglaheimilinu eins og gestir á mínu eigin heimili og þannig kem ég fram við þá.“

annska@bb.is

LJÓSLÆÐARINN ER KOMINN!

Nú er verið að tengja fyrstu heimilin við ljósleiðara á Ísafirði. Á vef Snerpu www.snerpa.is/ljosleidari er nú hægt að sjá í hvaða húseignum verður fánlegur ljósleiðari í byrjun en við hvetjum alla áhugasama til að láta vita af sér því að við munum bæta við listann næsta sumar.

Við erum einnig að bæta við notendum í Smartnetinu og stendur Snerpa þar mun framar samkeppnisaðilum. Sem dæmi eiga notendur í efri bænum á Ísafirði nú þess kost að tengjast Smartnetinu þar sem heimtaugar Snerpu eru um 800 metrum styttri en hjá öðrum fjarskiptafyrirtækjum.

Ljósleiðaratengingar Snerpu eru með 100 Mb hraða í báðar áttir. Til samanburðar eru þær tengingar sem eru í boði fyrir með 12-70 Mb hraða á niðrhali og 1-30 Mb hraða á upphali.

Verslum og eflum þjónustu í heimabyggð Snerpa er málið!



Mánagötu 6 - Ísafirði - sími 520-4000

Vínbúðin Patreksfirði

Starfsmaður óskast

Vínbúðin Patreksfirði óskar eftir að ráða starfsmann.

Helstu verkefni og ábyrgð

Starfið felst í þjónustu, afgreiðslu, uppstillingu á vörum, vörumóttöku og umhirðu búðar.

Hæfniskröfur

- Góð þjónustulund
- Stundvísi og dugnaður

- Starfshlutfall er 65%
- Umsóknir óskast fylltar út á vinbudin.is
- Umsóknarfrestur er til og með 14. desember 2015
- Umsækjandi þarf að hafa náð 20 ára aldri.
- Sakavottorðs er krafist

Nánari upplýsingar veitir: Björg Sæmundsdóttir, (patreksfjordur@vinbudin.is - 456 2244)

Gildi Vínbúðanna eru LIPURÐ - PEKKING - ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu munu taka mið af þessum gildum

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsuelfandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.



Auglýsingasími bb.is er **456 4560**



SÖRUR

— KLASSÍSKAR OG NÝSTÁRLEGAR

Bryddaðu upp á nýjungum í bland við klassík og prófaðu að gera Söurnar með hindberjakremi, hvítu súkkulaði og rjómaosti. Þær koma þér ánægjulega á óvart.

Gottimatinn.is uppskriftavefurinn getur hjálpað þér í jólabakstrinum. Kíktu á uppskriftirnar í tölvunni, spjald-tölvunni eða snjallsímanum og fáðu hugmyndir.

Jólabaksturinn byrjar á gottimatinn.is



Sterkast að segja sögur af eigin samfélagi

Halla Ólafsdóttir
mannfræðingur
hjá RÚV

Halla Ólafsdóttir tók til starfa hjá RÚV á Vestfjörðum í haust og fluttist til Ísafjarðar til að geta sinnt starfinu. Starfstöð RÚV á Vestfjörðum varð Vestfirðingum mikið fagnaðarefni eftir nokkurra ára dvala. Blaðamaður Bæjarins besta hafði því mikinn áhuga á að fræðast nánar um nýja fréttaritarann og komst að því að hún talar fimm tungumál, spilar á trompet og hefur unnið sem brúðuleikari, flugfreyja og landvörður. Haustið 2013 lauk hún MA gráðu í sjónrænni- og fjölmiðlamannfræði frá Freie háskólanum í Berlín og hefur unnið að gerð þriggja heimildarmynda, auk ýmissa annarra verkefna. Þá hefur hún ferðast um víða veröld, búið í Norður- og Suður-Ameríku, á meginlandi Evrópu og dvalið mánuðum saman bæði á Grænlandi og í Saudi Arabíu.

En byrjum á byrjuninni. Hvaðan kemur þessi 29 ára gamli mannfræðingur sem nú flytur fréttir úr fjórðungnum?

„Ég ólst upp í Reykjavík en á ættir að rekja víða um land, nánast til allra landshluta nema Vestfjarða. Ég myndi ekki segja að ég væri týpískt borgarbarn þar sem foreldrar mínir eru báðir líffræðingar og við vorum alltaf á ferðinni úti á landi. Sumarið sem ég var sex ára dvöldum við til dæmis heilmikið í burstabænum á Þingvöllum þar sem mamma var að vinna í hjóðgarðinum, en það hús er núna sumarbústaður

forsætisráðherra. Oft vorum við í tjaldi í mánuð einhvers staðar svo ég fékk að sjá marga staði á uppvaxtarárunum. Það er því í eðli mínu að vera í tengslum við náttúruna og landið mitt.

Ég fluttist einnig með fjölskyldu minni, systur og foreldrum, til Kanada og Bandaríkjanna þegar ég var krakki og fór sem skiptinemi í menntaskóla til Perú. Svo ég hef alist upp í Reykjavík með hléum. Ég lærði sjónræna- og fjölmiðlamannfræði í Berlín og kláraði BA-gráður bæði í íslensku og ritlist í Háskólanum á Íslandi. Ég var lengi í Stúdentaleikhúsinu og lærði líka á trompet. Síðasta árið í HÍ tók ég í fjarnámi þar sem ég var í Saudi-Arabíu og á fleiri ferðalögum sem starfandi flugfreyja.

Ég á ansi mörg „heim“ allt frá litla kotinu mínu í Hvannalindum, foreldrahúsi í Árbænum í Reykjavík, hipstera hverfi í Berlín, 101 Reykjavík og nú Ísafjörður. Það er spurning hvort ég festi rætur nokkurn tímann,“ segir Halla og brosir breitt.

Frá Berlín á hálendi Íslands

Meistaránámið í sjónrænni- og fjölmiðlamannfræði sameinaði mörg af mínum áhugasviðum; áhugann á fólki, menningarheimum og svo að því að búa til sögur, með kvikmyndum og ljósmyndum. Fræðin felast í því að nota aðferðir mannfræðinnar til að rannsaka og afla upplýsinga

en svo miðla upplýsingum með kvikmyndum eða ljósmyndum á sjónrænan hátt. Þetta er svolítið mótvægi við dýrar og umfangsmiklar framleiðslur á kvikmyndum og heimildamyndum þar sem stór tökulið mæta á vettvang. Í mínu námi og í mínu lokaverkefni gerir maður allt sjálfur. Ver miklum tíma með viðfangsefninu og leyfir sögunum að koma til manns. Maður mætir ekki með fyrirfram skrifað handrit.

Ég var mjög ánægð í Berlín, átti frábæra bekkjarfélaga sem komu alls staðan að úr heiminum. Ég lærði ekki síður af þeim heldur en kennurunum. Ein í bekknum mínum var til dæmis pólitískur flóttamaður frá Íran, landflótta vegna pólitískra skoðana. Námið mitt var kennt á ensku og samhliða því lærði ég þýsku. Því meiri þýsku sem ég lærði þeim mun betur komst ég inn í menninguna í Berlín, hún er ótrúleg borg. Algjör suðupottur og í hraðri þróun. Ótrúlega magnað að sjá hversu hratt hún breytist og magnað að hugsa til þess hversu stutt er síðan Berlínarmúrinn lokaði vestur-Berlín inni Austur Þýskalandi og einnig mjög stutt síðan að Berlín var í molum eftir seinni heimsstyrjöldina. Berlín er fyrst núna að ná sama íbúafjölda og bjó í Berlín fyrir stríð! Í Berlín æfði ég líka hina frábæru íþrótt Ultimate-frisbí, hópiþrótt þar sem frisbí er kastað á milli. Ég var í stórskemmtilegu liði með þeim

flæktist ég víða um Þýskaland í keppnisferðalög.

Eftir að ég lauk náminu var ég í nokkra mánuði að vinna áfram með lokaverkefnið mitt, sem var heimildamyndin „Bækur með remúlaði“, ásamt því að taka að mér smærri tilfallandi verkefni. En svo seig stórborgin Berlín í. Ég fór að sakna fjallanna og orkunnar á Íslandi. Að búa í samfélagi þar sem ég gæti sagt sögur og brandara án þess að „punch-line-ið“ týndist í tungumálafækju. Allavega, mig langaði til að koma heim, um tíma. Því sótti ég um vinnu sem landvörður á hálendi Íslands og fékk vinnu í draumaveröld landvarðarins, Hvannalindum. Það er vin í eyðimörkinni þar sem eru gamlar útleigutóftir þar sem talið er að nafna mín og Fjalla-Eyvindur hafi búið á seinni hluta 18. aldar. Þannig að ég var Halla önnur sem dvaldi þarna. Bjó þar í litlu húsi, nokkrum fermetrum. Sótti vatn út í læk og eldaði á gasi. Gekk um ótrúlegt landslag Vatnajökulspjóðgarðs, talaði við ferðamenn og fylgdist með gæsum og gæsaungum vaxa úr grasi. Þarna eru nokkrir af ótrúlegustu stöðum landsins, ansi mörg leyndarmál, sem ég vona að fá að vera það til framfjá. Þar sem ég er alin upp sem landvörður þá leið mér ótrúlega vel í þessari dýrð og viðurkenni að þessa umhverfis er auðvelt að sakna. En já, ég ákvað eiginlega

aldrei að flytja heim. Það gerðist bara. Ég viðurkenni líka að ég var á þessum tíma orðin svolítið skotin í fleirum en náttúrunni, svo ég ílengdist þetta lengi á Íslandi.

Fór langa leið til að komast aftur heim

– Hvað er það við ferðalög og aðra menningarheima sem heillar þig svona?

„Ég held að það sé fyrst og fremst þekkingarþörf. Vilji til að vera í tengslum við fólk og þörf til að sprengja þessa bólu sem maður á til að búa til í kringum sig. Fyrir utan að hafa búið í útlöndum sem barn fór ég í alþjóðlegar sumarþúðir þegar ég var sautján ára og það var í framhaldi af því sem ég ákvað að fara sem skiptinemi til Perú. Skiptinámið hafði mikil áhrif á mig.

Þegar ég var í náminu í Berlín og þurfti að velja mér lokaverkefni þá velti ég því fyrir mér hvort ég ætti að fara aftur til Suður-Ameríku eða Sádi-Arabíu, þar sem ég hafði verið áður en langaði svo að skoða eitthvað sem er okkur Íslendingum nær, landfræðilega að minnsta kosti. Þess vegna ákvað ég að fara til austur Grænlands.”

Austurströnd Grænlands er bara í einnar og hálfar klukkustundar flugferð í burtu en þó heimur sem við Íslendingar þekkjum harla lítið. Svipaðar vegalengdir eru frá austurströnd

STYTTRI FERÐALÖG, LENGRI FAÐMLÖG UM JÓLIN

JÓLAGJAFABRÉF FLUGFÉLAGS ÍSLANDS

Fullorðinsbréf: **19.500 kr.***

Barnabréf: **10.850 kr.****

Jólagjafabréfið er ferðalag í hlýjan faðm og dekur og er fullkomin gjöf fyrir ferðaglaða ættingja og vini á öllum aldri. Hvern viltu knúsa núna? Eftir áramót? Í vor? Jólagjöfina í ár er einungis hægt að kaupa og bóka á **flugfelag.is**

Jólagjafaflug er hægt að bóka frá 29. desember 2015 til 29. febrúar 2016 fyrir ferðatímabilið 6. janúar til 31. maí 2016. Frá 1. júní til 1. desember 2016 gildir gjafabréfið sem inneign upp í önnur fargjöld. Nánar um skilmála á **flugfelag.is**

* Flug fram og til baka og flugvallarskattar
Gildir ekki í tengiflug í gegnum Reykjavík

** Fyrir börn á aldrinum 2-11 ára



FLUGFÉLAG ÍSLANDS



Grænlands til Íslands og eru frá höfuðstaðnum Nuuk. En þetta er þó mjög ólíkt samfélagi okkar. Ég dvaldi þarna í þrjá mánuði og hef sjaldan upplifað mig eins mikið sem utanaðkomandi gest. Mér fannst strax eins og ég hefði enga möguleika á að aðlagast. Það var margt sem spilaði inní, til dæmis tungumálaörðuleikar og mjög ólíkt menningarlegt uppeldi.

Áður en ég hélt til Grænlands stóð ég í þeirri trú að fólkið myndi tala dönsku. En í landinu eru margar mállýskur og vestur-grænlenka er mest töluð. Mállýskurnar eru svo mismunandi að Vestur-Grænlandingar skilja ekki Austur-Grænlandinga. Íbúar á Austurströndinni skilja þó frekar þá fyrir vestan þar sem þeir heyra tungumálið í sjónvarpinu og útvarpinu. Austur-grænlenka á ekki ritmál. Svo þegar börnin byrja í skóla þurfa þau því að læra vestur-grænlenksku til að læra að lesa og skrifa. Helmingurinn af kennurum í Tasiilaq þar sem ég var talaði hins vegar dönsku og svo til enga grænlenksku. Þannig að þarna var árekskur þriggja tungumála sem að mínu mati gerði það að verkum að flest börnin lærðu ekki dönsku. Þetta var einfaldlega of mikið fyrir þau svo þau töluðu bara sína austur-grænlenksku og voru bara svolítið

áttavillt með annað.

Ég fann líka að sama hve mikið sem ég vildi vinna virkilega gott mannfræðiverkefni þarna yrði það alltaf á yfirborðinu og miðað við minn veruleika. Jafn hlutlaus og ég vildi vera var það ekki hægt því ég gæti ekki dregið neinar ályktanir nema út frá mínum menningarlegu gildum þar sem ég þekki ekki annað. Eftir þá uppgötvun að vera svo nærri heimili mínu en þó svo framandi sogaðist ég aftur heim. Mér fannst að ef ég ætlaði að nýta menntun mína og segja sögur út frá sjónrænni mannfræði yrði alltaf sterkast að gera það í mínu eigin samfélagi. Það væri sá vettvangur sem mig langaði til að starfa á. Ég þurfti því að fara ansi langa leið til að komast að þeirri niðurstöðu. Og nú er ég komin vestur á Ísafjörð.

„Hér á Ísafirði hef ég skilning á samfélaginu þó ég þekki það ekki of vel. Ég tel að það sé viss kostur í mínu starfi sem fréttamaður því það er erfitt að flytja fréttir ef maður er of tengdur hlutunum. Bæði ég og samstarfsmenn mínir á RÚV sjá það sem kost að fá manneskju sem langaði til að flytja vestur en hefði í sjálfri sér enga tengingu þangað eða fjölskyldubönd. Hafði þannig í raun engra sérstakra hagsmuna að gæta. Í litlu samfélagi þarf

maður oft að flytja fréttir af óþægilegum málum og því auðveldara ef maður stendur því ekki of nærri.“

– Hvernig kanntu við þig fyrir vestan?

„Bara mjög vel. Þetta hefur verið smá bratti á að sækja þar sem ég er á nýjum stað með nýju fólki að vinna nýtt starf í nýju fagi. En ég er nú oftast minn harðasti dómari og mér hefur verið vel tekið hér vestra. Ég er í góðum félagsskap hér fyrir vestan og það var gott að geta gengið að því. Sér í lagi þar sem ég fluttist bara ein hingað og því ómetanlegt að eiga góða vini og kunningja að.“

Með tvær heimildarmyndir undir beltinu

Halla hafði áður en hún hóf störf sem fréttamaður fyrir RÚV, unnið að gerð heimildamynda og myndbanda fyrir ýmsa aðila. Hún hefur einnig komið að dagskrágerð fyrir RÚV. Loka- verkefni hennar í mannfræðinni sem hún vann á Grænlandi var, eins og áður hefur komið fram, heimildarmyndin „Bækur með remúláði“, sem fjallar um litla verslun og starfsfólk hennar í Tasiilaq sem er á austur-strönd Grænlands. Sú mynd var frumsýnd á Skjaldborg í fyrra. Halla sá um alla upptöku og vinnslu myndarinnar. Þá gerði hún einnig heimildamyndina „Á sama báti“, sem frumsýnd var á RIFF, Reykjavík International Film Festival, í haust. Hún vonast til að geta nýtt sér þá reynslu í starfi sínu sem fréttaritari á Vestfjörðum.

„Ég kom að dagskrágerð í stöku þáttum hjá RÚV en ég er að feta mig á nýrri braut sem fréttaritari. Mér finnst það ótrúlega skemmtilegt og spennandi. Ég hef reynslu af kvikmyndagerð þar sem ég stóð að gerð tveggja heimildarmynda og kom að þeirri þriðju áður en ég kom hingað og vona að ég geti nýtt þá reynslu í starfinu.

Mitt markmið var frá því að ég byrjaði í náminu að segja sögur sem annars heyrðust ekki. Það var því vel við hæfi að velja starf sem búið var að leggja niður og taka þátt í að byggja það upp á

ný. Mér finnst mjög spennandi að segja sögur úr öllum hornum fjórðungsins. Nú eru nýir tímar í fréttamennsku með vefnum og myndefni fyrir vefinn og ég vona að ég geti lagt mitt á vogarskálarnar við þróun fréttamiðilsins hjá RÚV. Ég er þó enn að komast inn í hlutina og starfið, það tekur smá tíma. En Jói (Jóhannes Jónsson myndatökumaður hjá RÚV) er mér auðvitað stoð og stytta í þessu. Sér í lagi núna meðan ég er að enn að læra.“

Kanóferðalag í Kanada þrátt fyrir samfélagslegar hindranir

– Geturðu sagt mér frá reynslu þinni í heimildamyndargerð?

„Ég er sérstaklega stolt af aðkomu minni að myndinni „Á sama báti“, en viðfangsefni hennar var upplifun Snædísar Ránar Hjartardóttur af kanóferðalagi í Kanada. Snædís Rán hefur verið öflug í réttindabaráttu fatlaðra. Snædís er lögblind, heymarlaus og hreyfihömluð og er algjör nagli. Tvíbúrasystir mín, Védís, sem er jöklaleiðsögumaður og er alltaf að ferðast út um allt, var að vinna með Snædís. Þær höfðu látið sig dreyma um að fara saman á eitthvað flakk og þegar Védís kynntist kanadíska kanóleiðsögukonunni Olivíu fæddist þessi hugmynd að fara saman í kanóferð í Kanada. Eitt markmiðanna með ferðinni var að sýna fram á að allt er hægt. Fólk setur oft upp samfélagslegar hindranir með því að segja að þeir sem búi við fötlun geti ekki hitt og þetta. En það er allt hægt ef viljinn er fyrir hendi. Þær skelltu sér í þetta ferðalag og ég var með í för og festi það á filmu. Við vorum átta stelpur sem stóðum að þessu verkefni en það var algjör tilviljun að eingöngu kvenfólk kom að því. Mjög svo skemmtileg tilviljun í ljósi umræðunnar sem hefur verið undanfarin misseri um kynjahalla í kvikmyndagerð. Verkefnið tókst svo rosalega vel og dýnamíkin var frábær í hópnum. Í honum voru auk Snædísar og okkar systuranna tvær aðrar leiðsögukonur í kanósíglungum, tvær aðstoðarkonur Snædísar. Ég fékk svo vinkonu mína til að semja tónlistina við myndina, hún heitir Sóley og er merkilega lítið þekkt tónlistarkona á Íslandi þrátt fyrir að semja ótrúlega flotta tónlist sem hefur fengið frábærar viðtökur út um allan heim. Svo sá enn ein konan um hljóðblöndunina. Þetta var því bara skemmtileg tilviljun að verkefnið væri alfarið unnið af konum.“

Mannréttindabrot og kúgun eðlilegur hluti af lífinu

Blaðamanni leikur mikil forvitni á að fræðast meira um dvöl Höllu í Saudi-Arabíu sem er enn meira framandi heimur en á Grænlandi. Hvað kom til að hún fór þangað?

„Ég byrjaði að vinna hjá Iceland Express á sínum tíma og hef oft grínast með það að gott sé að hafa skráp er maður vinnur við fréttamennsku og það var ágætis þjálfun að vinna hjá flugfélagi,“ segir Halla hlæjandi.

„Iceland Express var í samstarfi við flugrekstrarfélag sem hét Astreaus og leigði vélarnar sínar í ýmislegt, eins og píligrímaferðir. Í gegnum það samstarf gafst mér tækifæri á að fara í þrjá mánuði til Saudi-Arabíu og ég ákvað að slá til. Áhafnirnar bjuggu á hóteli og voru mestmegnis að fljúga með píligríma til og frá Mekka. Við flugum alltaf með farþega aðra ferðina og svo tóma vél til baka. Oftast voru farþegarnir eldra fólk sem hafði safnað alla sína ævi til að fara til Mekka. Við flugum aðallega til Tyrklands en einnig til nálægari ríkja eins og Pakistan, Barein og innanlands í Sádi-Arabíu. Við stoppuðum þó aldrei á þeim stöðum heldur flugum alltaf strax aftur til Jeddah, þar sem við dvöldum í Saudi-Arabíu.

Þetta var mikil upplifun og ólík reynsla frá því sem maður áður þekkti. Maður mátti ekki neitt og gat aldrei farið neitt einsamall. Ef brotið er á konu í Saudi-Arabíu er ekki gert á hennar hlut eins og er samkvæmt okkar viðmiðum heldur föður hennar eða eiginmanns. Okkar staða þarna úti var ofsalega viðkvæm. Við fórum aldrei út nema að vera tvö til þrjú saman og þurftum að fylgja alls kyns reglum. Við gerðum það nú samt ekkert rosalega vel en Jeddah, borgin þar sem við bjuggum, var frekar kaótísk á þessum tíma þegar allir píligrímarnir eru í landinu. Þar er mikið af útlendingum og því höfðum við kannski ögn meira svigrúm heldur en ella.

Við gistum á hóteli niðri í bæ við hlið torgs sem notað er til að höggva hendur og hálsa afbrotamanna, í daglegu tali kallað „Chop-Chop Square“. Þessi ótrúlegu mannréttindabrot voru því bara rétt við hliðina á okkur og beint fyrir augunum á okkur. Það að þurfa að horfa upp á ítrekuð og gróf mannréttindabrot en vera samt máttvana var ofsalega erfitt. Kúgun er líka eðlilegur hluti af mannlífinu þarna. Konur mega til dæmis ekki sitja í framsæti bifreiðar ef þær eru ekki með eiginmanni, bróður eða föður og að sjálfsögðu ekki keyra. Eitt sinn sá samstarfsfélagi minn bíl þar sem karl var að keyra, kona sat aftur í og geit í framsætinu. Maður sá líka oft stráka sem varla voru eldri en tíu-tólf ára aka mæðrum sínum. Konur voru ekki leyfðar á venjulegum kaffihúsum og lítið var um samkomustaði þar sem þær gátu hist. Engar skemmtanir, tónleikar, bíó eða neitt þannig. Verslunarmiðstöðvar voru helstu samkomustaðirnir og ég eyddi svo miklum tíma



„... spennandi og grípandi.“

ÁSTA KRISTÍN BENEDIKTSDÓTTIR / HUGRÁS



„... mjög skemmtileg.“

FRÍÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / KILJAN

„*Heimska* er vel unnin, góð og áhugaverð bók sem óhætt er að mæla með.“

HILDUR ÝR ÍSBERG / SÍRKÚSTJALDIÐ

„Írónísk frásögnin nær auknum styrk ... og þá sýnir höfundurinn vel hvers hann er megnugur í frásagnartækni og snörpum stílbrögðum ...“

EINAR FALUR INGÓLFSSON / MORGUNBLAÐIÐ



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

í slíkum miðstöðvum að ef ég ætti að gera hryllingsmynd í dag myndi hún eiga sér stað í svona í verslunarmiðstöð.“

Við þurfum einnig að klæðast abayum, svona svörtum kuflum sem hylja mann alveg. Við þurftum þó ekki alltaf að vera huldar um höfuðið er við vorum í Jeddah en þegar við vorum annars staðar vorum við alveg huldar. Er við vorum í heilögu borginni Medina máttum við ekki einu sinni fara út af hótelinu þar sem við vorum ekki múslímar.

Þetta var því sérstakur tími en þar sem ég var í ritlist í fjarnámi á sama tíma gat ég skrifað á hliðarlínunni, kannski skrifað frá


mér þær tilfinningar sem ólguðu í mér. Þó þetta hafi verið mjög ólík veröld því sem ég á að venjast vildi ég ekki hafa sleppt þessari reynslu. En það er þó í dag eins og einhver annar hafi upplifað þetta því þetta var svo rosalega skrítið. Maður hafði aldrei neitt val og fylgdi bara með eins og það. Flugfélagið hafði líka algert vald yfir manni þar sem maður var og á alltaf að vera til taks. Ég hafði því ekkert vald heldur var þegn mannsins og flugfélagsins.“

Erum öll eins í grunninn

– Finnst þér þessi innsýn í framáni menningarheima bæði í Saudi-Arabíu og Grænlandi

geta nýst þér í starfi í íslensku mannfélagi eða eru þetta of ólíkir heimar?

„Auðvitað nýtir maður alla reynslu, hvort sem það er meðvitað eða ómeðvitað, en þessi reynsla kenndi mér eitt sem er afar góð áminning. Þannig var að fyrst þegar ég var í Saudi Arabíu var ég mjög buguð, mér fannst ég ekki mega horfa í augun á neinum eða sýna svipbrigði. En þegar á hólminn er komið og maður fer að hlæja og brosa yfir mistökum sínum og lætur eins og asni þá brosir fólk á móti. Við erum öll eins í grunninn og höfum þá eðlishvöt að brosa og hlæja ef eitthvað er skondið.



Þannig að ég komst að því að ef maður tekur sig ekki of alvarlega og hefur í huga að við erum jú öll fólk verður allt margfalt léttara.

Þetta var að minnsta kosti það sem ég lærði af veru minni í Saudi-Arabíu, að við erum öll eins í grunninn enda erum við öll sama tegundin. Eins lærði ég að vera auðmjúk fyrir því sem maður þekkir ekki. Ég á enn margt eftir ólært hér á Vestfjörðum og margt

sem ég enn veit ekki um staðinn en það hjálpar mér ekkert að þykjast vita það. Ég er oft ópolinmóð sjálf að komast inn í hlutina en ég geri mér líka grein fyrir því að ég er ekki fædd og uppalin hér vestra og get því ómögulega vitað jafn margt og heimamenn. Ég verð því að vera þolinmóð því það tekur tíma til að læra og ég vona að heimafélkið verði þolinmótt á móti.“ – *Thelma Hjaltadóttir*



- Allar bestu hárvörurnar á einum stað
- Úrval af fallegum jólagjöfum
- Pantaðu í netverslun okkar og fáðu sent heim
- Hringdu og fáðu faglega ráðgjöf

www.sapa.is

ghd

milk_shake

ELEVEN[™]
AUSTRALIA

KÉRASTASE
PARIS

Schwarzkopf
PROFESSIONAL

KEVIN.MURPHY

MATRIX

amika:

d.fi

PAUL MITCHELL

JOICO

M
MOROCCANOIL

// Laugavegi 61

// 101 Reykjavík

// s. 511-1141

Klæðakot 

Úrval af
jólagardínum!

Sími: 456 5668
Aðalstræti 27
400 Ísafirði



Byssur

Ákveðið hefur verið að byssur verði staðalbúnaður í lögreglubifreiðum á höfuðborgarsvæðinu frá og með desember. Um er að ræða hálf sjálfvirkar Glock byssur með 17 skota magasíni. „Til að verja íbúana fyrst og fremst“ er haft eftir talsmanni lögreglunnar í fréttum.

Þessi ákvörðun um að leyfa byssur í lögreglubifreiðum ræðst væntanlega af því að fækkað hefur verið í liði lögreglunnar um allt land og það er mun ódýrara fyrir ríkisvaldið að vopnvaða þá fáu lögregluþjóna sem eftir eru, frekar en að fjölga þeim.

Fuglinn telur að þessi vopnvaðing komi hryðjuverkaógn ekkert við, fyrir örfáum árum reyndu yfirvöld að „smygla“ norskum vélbyssum inn í landið í von um að almenningur tæki ekki eftir því. Fuglinn þykir líklegur að búsaðhaldabyltingin í janúar 2009 hafi gert útslagið með þessa löngun stjórnvalda í vopn. Sama stjórn ríkir nú og ríkti þá. Ætli menn séu hræddir við að lýðurinn efni til alvöru byltingar núna?

Landsbyggðin hefur þegar fengið byssur í sína þjónustu.

Fuglinn man eftir uppákomu á

Ísafirði fyrir fáeinum misserum þar sem ungur maður í annarlegu ástandi var í sjálfsmorðshug og hringdi vinur hans á hjálp. Lögreglan á Ísafirði var fljót á staðinn, enda umrætt hús í miðbænum og ungi maðurinn ekki ókunnugur lögreglunni. En maðurinn vildi ekki hleypa lögreglunni inn, hann var með hníf á lofti, hvort hann hafi ætlað að skaða sig eða aðra með honum er ekki vitað, en hann er ekki þekktur fyrir ofbeldi. Þá sótti lögregluþjónn byssu út í lögreglubifreiðina og miðaði á manninn, sem var eins og

fyrir segir í annarlegu ástandi. Að lokum var ungi maðurinn snúinn niður, handleggsbrotinn og færður í klefa. Enginn eftirmáli. Ekki kom fram í fréttum hvort lögreglumaðurinn sem mundaði byssuna hafði áður hringt í yfirmann til að fá leyfi og kóða til að sækja byssuna í læst hólfi í bílnum áður en vopnið var tekið upp.

Í síðustu viku var svo lögregluþjónn vopnaður (með byssu í slíðri við mjöðm) við umferðarslys á Norðurlandi. Opinbera útskýringin er sú að hann hafi verið á flugæfingu og ekki hafi gefist tími til að læsa vopnið í þar

til gerða hirslu áður en útkallið kom. Enginn eftirmáli.

Í bandaríska blaðinu The Washington Post í febrúar síðastliðnum er Ísland dásamað fyrir að vera eitt örfárra þjóðríkja með vopnlausu laganna verði; Bretland, Írland, Nýja Sjáland, Noregur og svo litla Ísland. En nú er það breytt. Í desember 2015 verður til nýtt Ísland, vopnað Ísland. Fuglinn horfir með hryllingi til Bandaríkjanna þar sem það er daglegt brauð að saklausir borgarar eru drepnir af lögreglu. Viljum við búa í þannig samfélagi?

25% VILDARAFSLÁTTUR AF ÖLLU UTAN UM PAKKANN



**MUNDU EFTIR
GJAFAKORTI
PENNANS EYMUNDSSON!**



**VILDARKLÚBBUR
EYMUNDSSON**

Penninn

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildir frá 2 des. til og með 6 des. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Magnús Traustason og Víkingur Kristjánsson.

Kótelettan

Björgunarsveitin Björg á Suðureyri finnur sér alltaf eitt-hvað til dundurs, tíðin hefur jú verið fram úr hófi góð og engum þurft að bjarga út úr skafli á þessum vetri sem nú er rétt að byrja. Í tilefni þess að sveitin hefði orðið 85 ára í byrjun nóvember var ákveðið að efna til gleðskapar og bjóða upp á þann gamla og góða rétt „kótelettur í raspi“. Bæjarins besta hefur fyrir því heimildir að kvöldið hafi heppnast alveg glimrandi vel og allar líkur á að kótelettukvöld verði árlegur viðburður.



Valur Sæþór Valgeirsson, Formaður Bjargar og Björn Gunnarsson, Formaður Sæbjargar.



Ástrós Þóra Valsdóttir og Magnús Traustason.

Hátíðarstund á aðventu í Ísafjarðarkirkju

Hátíðarstund var í Ísafjarðarkirkju á fyrsta sunnudegi í aðventu, 29. nóvember.

Yfirskrift þessarar hátíðarstundar var 20 ára afmæli Ísafjarðarkirkju og tók dagskráin mið af því með því að endurvefja samsöng ýmissa kóra á svæðinu

undir dyggri stjórn Bjarneyjar Ingibjargar Gunnlaugsdóttur, Dagnýjar Arnalds og Huldu Bragadóttur.

Melkorka Ýr Magnúsdóttir söng einsöng.

Fram komu Kór Ísafjarðarkirkju, Sunnukórinn, Karlakór-

inn Ernir, Kvennakór Ísafjarðar, Barnkór Tónlistarskóla Ísafjarðar, Skólakór Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Sr. Magnús Erlingsson, sóknarprestur flutti ávarp og verðandi fermingarbörn báru ljós í bæinn.





Pegar þú kaupir seríu hjá okkur styrkir þú gott málefni

Með hverri keyptri ljósaseríu í Húsasmiðjunni og Blómavali leggur þú UNICEF, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna lið. Húsasmiðjan gefur skammt af bóluþefni gegn mislingum eða mænuþefni fyrir hverja selda seríu fram til jóla.

Sannar gjafir 

20-40% AFSLÁTTUR | SÉRIUR OG JÓLALJÓS

40%
afsláttur
á Legacy frá

 Russell Hobbs



8.870 kr
~~14.790 kr~~

Kaffivél Legacy
Stál, 10 bollar.
Afmælisútgáfa
1840125



7.134 kr
~~11.890 kr~~

Brauðrist Legacy
Stál, afmælisútgáfa
1840127

7.790 kr
~~12.990 kr~~

Hraðsuðukanna Legacy
Stál, afmælisútgáfa
1840126

17.310 kr
~~21.637 kr~~



Matvinnsluvél
1840079



Jólagjöf

4.868 kr

FULLT VERÐ: 6.490

Hraðsuðukanna
ELOISE EEWA3100, 1,5 ltr
1829123

 Electrolux



Jólagjöf

11.192 kr

FULLT VERÐ: 13.990

Mínútugrill
Unold, 2000W
1840708



Jólagjöf

9.743 kr

FULLT VERÐ: 12.990

 Electrolux
Kaffivél
CREATIVE EKF5700
1829108



Jólagjöf

10.392 kr

FULLT VERÐ: 12.990

Remington rakvél
Rotary
1804547

 **Taktu þátt í**
Jólagjafaleik Húsasmiðjunnar
Drögum út glæsilega vinninga alla daga til jóla!
sjá nánar á www.husa.is/jolagjafaleikur







HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Utangarðs – Ferðalag til fortíðar

Halldóra Kristinsdóttir – Sigríður Hjördís Jörundsdóttir. Myndskreytingar eftir Halldór Baldursson

Um tilurð þessarar bókar

Upphaf þessa verkefnis má rekja aftur til ársins 2012 þegar hugmyndin um að halda sýningu um utangarðsfólk vaknaði meðal starfsmanna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Sumarið 2013 var sýning um utangarðsfólk opnuð í safninu í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík. Grunntónn sýningarinnar var umfjöllun um einstaklinga sem féllu ekki inn í hið þrönga sveitarsamfélag 19. aldar og voru því utangarðs, um lengri eða skemmri tíma. Sem kornabörn áttu flestir þessir einstaklingar lífið fyrir sér en örlögin höguðu því svo að eitthvað varð til þess að þeir urðu á skjön við samfélag sitt. Sumir fæddust fatlaðir, aðrir veiktust alvarlega og enn aðrir fengu í vöggugjöf hæfileika sem

voru ekki metnir að verðleikum. Breytingar á fjölskylduhögum fólks, svo sem eins og andlát maka eða ást sem brást, gátu líka orðið til þess að það færðist út í jaðar samfélagsins.

Á sýningunni voru sýnd ýmis handrit og skjöl sem tengdust því utangarðsfólki sem fjallað var um. Öll þessi handrit eru varðveitt á handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, þar sem við höfundar þessarar bókar vinnum. Þessi sýning vakti nokkra athygli og komu ýmsir að máli við okkur um hvort ekki ætti að gera bók um þetta efni.

Frásagnir af utangarðsfólki er víða að finna, bæði í handritum, bókum, blöðum og tímaritum og við undirbúningsvinnu fyrir sýninguna safnaðist mikið efni

hjá okkur um fólk víða um land sem að okkar mati átti fullt erindi á sýninguna. Í dag erum við með upplýsingar um ríflega 500 einstaklinga sem á einhverjum tímamarki í lífi sínu gátu talist hafa verið utangarðs.

Með því að setja saman þessa bók vildum við segja sögu einstaklinga sem horfið hafa í skuggann af sér „merkilegra“ samtíðarfólki. Saga efri stéttar fólks frá þessum tíma hefur verið skilmerkilega skráð en saga lítilmagnans hefur aftur á móti oftast en ekki verið afgreidd á þann hátt að til hafi verið nafnlaus hópur kvenna, karla, barna, fátæklinga, vesalinga, sjúklinga, geðfatlaðra o.s.frv., sem skilja eftir sig lítil sem engin spor í heimildum. En þegar farið er að skoða sögu þessara einstaklinga nánar leynist slóð

þeirra víða, vissulega ekki allra, en nógu margra til þess að hægt sé að draga fram sögu nokkurra sem geta orðið eins konar fulltrúar þessara „týndu“ hópa.

Í þessari bók er sagt frá utangarðsfólki og förufólki á Vesturlandi og Vestfjörðum frá síðari hluta 18. aldar og fram á fyrstu ár 20. aldar. Saga einstaklinganna er rakin og dregin fram skjöl og handrit sem tengjast þeim. Slóð utangarðsfólks leynist ótrúlega víða þegar betur er að gáð — og fjöldi þess kemur á óvart.

Hjálmar Þorsteinsson

(1810–1876)

Pilsa-Hjálmar,
Hjálmar goggur

Hjálmar fæddist á Fossi í Otradal þar sem foreldrar hans, Þorsteinn Jónsson (1768–1843) og Guðrún Bjarnadóttir (1766–1835), voru bændur. Í manntali árið 1816 var Hjálmar skráður tókubarn í Dufansdal í Otradals-sókn. Segir sagan að hann hafi verið nokkuð efnilegt barn fram að fjögurra ára aldri. Þá hafi hann tekið snöggri breytingu og farið að hegða sér einkennilega. Sögðu sumir að hann væri umskiptingur. Hjálmar var fermdur árið 1825, þá 16 ára gamall. Í prestþjónustubók segir um kunnáttu hans og hegðan við fermingu: „kann vel en skilningslítil, hrekklaus fáraðlingur“.⁹

Hjálmar var ýmist kallaður Pilsa-Hjálmar eða Hjálmar goggur. Síðarnefnda viðurnefnið mun hann hafa fengið af því hvernig nefið á honum var í laginu. Það var bogið að framan og þótti líkjast fuglsogggi. Hann var kallaður Pilsa-Hjálmar vegna þess að hann þóttist ekki geta sofð nema hafa pils ofan á sér.

Hjálmar flakkaði víða um Vestfirði en mun mest hafa verið á æskulóðum sínum í Suðurfjörðum í Arnarfirði. Þar átti hann sveitfesti og segir sagan að oft hafi þurft að skylda bændur þar til að hýsa hann, því hann var ekki vel þokkaður. Mun hann hafa verið lundillur og orðljótur, latur til vinnu og sagt var að hann hefði ekki mikið verksvit. Stundum var hann fenginn til að mala korn en fékk þá oft aðra til að hjálpa sér við mölunina. Hafði hann alltaf meðferðis ask sinn og næturgagn í ferðum sínum.

En Hjálmar var greindur. Hann kunni mikið af kvæðum, meðal annars alla Passíusálmana. Hann hafði sterka rödd og oft skemmti hann fólki með kveðskap og söng. Heimtaði hann oftast fjóra skildinga að launum frá hverjum

þeim sem hlýddi á hann.

Á flökkuferðum sínum varð Hjálmar oft fyrir hrakningum og um þá var ortur langur bragur, sem kallaður var Goggstraunir. Braginn ortu Jón Thorodd-sen sýslumaður, séra Benedikt Þórðarson, Hákon Bjarnason kaupmaður og fleiri. Margir skáldmæltir menn bættu við þegar byrjað var á bragnum. Vísurnar voru ortar undir nafni Hjálmars og eru orðatiltæki hans í þeim. Sjálfur lærði Hjálmar vísurnar og fór með þær á ferðum sínum um sveitirnar. Vísurnar voru ortar af ýmsum tilefnum. Eitt þeirra var það að Hjálmar var látinn fara viku og viku um Suðurfirði og vildi enginn bóndi hýsa hann lengur um sumartímann:

Á þessu sumri þóld' eg oft þjáníng og meðferð harða: gaudrifa á mér gjörðu hvopt gárungar Suðurfjarða, vigtarmaðurinn vestra þar verst skemmdi í mér tennurnar, minning hans lifir lengi! – Lágeyrð hljóta að vakna við, og veita skálkum engin grið, en eg þá alla flengi.

Meðferðin á Hjálmarí var sannarlega ekki til fyrirmyndar víða þar sem hann kom. Einhverju sinni var hann sendur frá Selárdal inn í Krossavík að sækja tvo þvottabala. Átti Hjálmar að bera balana á bakinu heim að Selárdal. Þegar Hjálmar kemur inn í Krossavík taka nokkrir sjómenn þar á móti honum og gefa honum hangikjöt og annað góðgæti. Þegar hann hefur matast biður hann sjómennina að binda balana á bak sér og eru þeir fúsir til þess. Annar balinn er látinn ofan í hinn og síðan eru þeir bundnir vandlega með snærum upp á bakið á Hjálmarí. Ganga snærin yfir axlir hans, undir hendur og í gegnum klofið á honum. En endahnútarnir voru látnir vera á bakinu á Hjálmarí, svo að hann gæti ekki leyst af sér byrðina. Hjálmar þakkar svo fyrir góðgerðirnar og hjálpa og leggur af stað. En þegar hann er að fara fleygir einhver þorskhaus í balann á bakinu á honum og eftir það er fleiri hausum hent að Hjálmarí. Hann hefur áfram leiðar sinnar en þegar hann er kominn spölkorn frá mönnunum kemur einn þeirra með byssu og skýtur púðri í balana. Við það ærist Hjálmar og sendir þeim ófagrar kveðjur til baka. Þegar hann kemur að næsta bæ (Neðribæ) fær hann fólkið þar til að leysa af sér balana.

Hjálmar dó 3. október 1876 og var þá hreppsómagi á Húsum í Otradal.

Halldóra Kristinsdóttir & Sigríður Hjördís Jörundsdóttir



U t a n g a r ð s ?

F E R ð A L A G T I L F O R T Í ð A R

Herdís Anna syngur í uppfærslu Mike Leigh



Herdís Anna sem Mabel í Sjórnæringjunum frá Pensance.
Mynd: Björn Hickmann.

Ísfirðingurinn og sópran-söngkonan Herdís Anna Jónasdóttir syngur nú við óperuna í Saarbrücken í Þýskalandi. Í vikunni var frumsýnt þar verkið Sjórnæringjarnir frá Penzance og er Herdís í hlutverki Mabel í uppsetningunni. Ekki er það aldeilis eina verkefnið sem Herdís fæst við þar um þessar mundir en í vetur tekur hún þátt í hvorki meira né minna en átta uppfærslum hjá óperunni á leikárinu. Herdís segir frumsýningu verksins hafa gengið stórvel og sýningunni afar vel tekið af áhorfendum. Verkið verður á fjölunum út janúarmánuð og verður það sýnt alls níu sinnum.

The Pirates of Penzance er ensk óperetta eftir Gilbert og Sullivan og er þessi uppfærsla samvinnuverkefni Saarbrücken óperunnar og English National Opera, en verkið var sett þar upp sl. vor. Leikstjóri óperunnar er enginn annar en Mike Leigh, en hann er margverðlaunaður kvikmyndaleikstjóri sem gert hefur kvikmyndir á borð við Vera Drake, Secrets and Lies og Topsy-Turvy. Er þetta fyrsta óperuuppfærsla hans og sennilega sú eina en hann mun hafa gefið upp að kvikmyndaformið

væri meira hans. Herdís segir það hafa verið mikinn heiður að fá að vinna með Mike, en mesta vinnan hafi þó verið með aðstoðarleikstjóranum. Herdís segir að þó Mike sjálfur hafi ekki unnið lengi með þeim þá hafi verið mjög gaman að kynna honum „hann er mjög kurteis og rólegur en nákvæmur.“

Yfirstandandi leikár er þriðja ár Herdísar við óperuna. Hún lærði í Berlín og var í framhaldi af því eitt ár við Óperustúdíóið í Zürich. Með Saarbrücken óperunni hefur Herdís meðal annars sungið Adele í Fledermaus, Sophie í Werther eftir Massenet og drottninguna frá Schemacha í Gullna hananum eftir Rimsky-Korsakoff. Um þessar mundir ásamt því að syngja í Sjórnæringjunum syngur Herdís einnig sem Zerlina í Don Giovanni eftir Mozart og í Ballo in maschera eftir Verdi.

Herdís kann vel við sig í Saarbrücken og segir hún líf sitt þar litast talsvert af vinnunni „mér finnst fínt að vera hér, leikhúslífið er mjög lifandi og skemmtilegt, Saarbrücken er kósý og ég hef eignast hér góða vini. Þeir eru reyndar langflestir úr vinnunni, svo ég get varla sagt

að ég eigi mikið líf utan leikhússins“ segir sópran-söngkonan kankvís og segist í það minnsta hugsa sér að vera þarna í ár til viðbótar.

Herdís eða Dísar eins og hún er yfirleitt kölluð hefur tónlistina í blóðinu, en hún er komin af miklum tónlistarættum. Hún er dóttir Sigríðar Ragnarsdóttur skólastjóra tónlistarskólans á Ísafirði og Jónasar Tómassonar tónskálds. Herdís Anna lærði söng og fiðluleik frá unga aldri og muna Ísfirðingar eflaust margir eftir henni syngjandi og spilandi, eins og í dúóinu Dísar og Þórunn, þar sem þær stóllur Dísar og Þórunn Arna Kristjánsdóttir fóru á kostum.

En skyldi hún vera með heimþrá? „Já auðvitað, ég sakna fjölskyldunnar minnar og vina minna heima og fjallanna, ég sakna þeirra. Stundum skil ég ekkert hvað ég er að gera hérna ein í útlöndum. En svo mæti ég í vinnuna og man af hverju ég er ennþá að harka í þessu, ég er í bestu vinnu í heimi“ segir Dísar og bætir við „maður getur ekki endilega fengið allt. En mér finnst ég svo heppin að fá að vinna við þetta, algjört drauma-starf.“
annska@bb.is

Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.



Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





Sportið í beinni...

fimmtudagur 3. desember

18:00 Golf - PGA Tour

föstudagur 4. desember

18:00 Golf - PGA Tour

19:00 KR - Tindastóll

19:40 Lazio - Juventus

22:00 Dominoskórfuboltakv.

02:30 NO Pelic - Clevel Cav

laugardagur 5. desember

12:35 Stoke City - Man City

14:50 Man Utd - West Ham Utd

14:50 Southampt - Aston Villa

14:50 WBA Tottenham Hotspur

14:50 Arsenal - Sunderland

14:50 Watford - Norwich City

14:50 Swansea C - Leicester C

14:55 Real Madrid - Getafe

17:00 Golf - PGA Tour

17:20 Chelsea - Bournemouth

17:25 FC Barcel - KS V Kielce

19:25 Valencia - Barcelona

19:40 Internazionale - Genoa

sunnudagur 6. desember

13:10 THW Kiel - M Veszprém

13:55 Hellas Verona - Empoli

15:50 Newcastle - Liverpool

Sampdoria - Sassuolo

17:00 Golf - PGA Tour

21:20 NE Patriots - P Eagles

mánudagur 7. desember

19:50 Everton - Crystal Palace

22:00 Messan

þriðjudagur 8. desember

19:15 Meistaradeildarkvöld

19:30 VfL Wolfsburg - Man Utd

(OPIN DAGSKRÁ)

19:30 Real Madrid - Malmö

19:30 Man City - Bor M'gladb

19:30 Sevilla - Juventus

21:45 Meistaradeildarmörkin

miðvikudagur 9. desember

19:15 Meistaradeildarkvöld

19:30 Dinamo Z - Bay Mün

19:30 Chelsea - Porto

19:30 Bayer Leverk Barcelona

19:30 Olympiakos - Arsenal

21:45 Meistaradeildarmörkin

(OPIN DAGSKRÁ)

Dagar Íslands

3. desember 2005:

Lestarslys varð við Kárahnjúka-
virkjun þegar tvær far-
þegalestar skulu saman með
þeim afleiðingum að tveir
verkamenn slösuðust.

Helgarveðrið

Á föstudag:

Hvöss austanátt með snjó-
komau og síðar slyddu eða
rigningu, fyrst á S-verðu
landinu. Hlýnar í bili.

Á laugardag og sunnudag:

Norðvestanátt og víða snjó-
koma eða él, en úrkomulítið
S-lands. Kólnandi veður.

Krossgátan

				OFLOFA	NÝFALLIN SNJÖR	DUND		RÓMVERSK TALA	PINNI	SVELG
	FOR- MAÐUR									
	HÚS- FREYJA					HÓPUR HAND- FESTAN				
	Í MIÐJU						Í RÖÐ			
	STYRKJAST MJÓLKUR VARA						HARMA			KAUPA INN
	↓	SÝNI	STEFNA			LAUN				
			TVEIR EINS			HELLINGUR				
HAND- SKJÓL						MJAKA NÆRA				
ILLGRESI					ÓBYGGÐ SKYLDI				STERTUR	
TVEIR EINS			DANS LAPPI				SIGÐ SKÚR			
BLAÐUR				STEIN- TEGUND DYLJA				SAMTÖK ÓNÆÐI		
KAPPSAMT						PLAN RÚM				KÝRAUGA
		VIÐBÓT VANDRÆÐI				BYLTA MENNTA				
MJÓLKVI					MARG- KONAR SKAÐI				ÞREYTA	
DRYKKUR			FORMÓÐIR TÁL				KJAFI ARR			
KÆLA				SAMS- KONAR ÁTT				RÚN TVEIR EINS		
GETI						AFKOMANDI				
ÚT						FLAT- ORMUR				

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Eyvindur áttæður



				PRÍSTRENT OLER	LALLA	SKORTUR		HALD	ÁN	ÞRAUT	
				KENNI- MADUR	P	R	E	S	T	U	R
				ÁSTÆÐUR	R	Ö	K	MAKA FLOTT	A	T	A
				VONSKA	I	L	L	S	K	A	U
				MÁLHEITI	S	T	A	M	ÖNEFNDUR STREITA	N	N
				SKÓLI KRÁ	M	A	SKYLDIR HVERJUM EINASTA	A	Á	ALLS- LEYSINGI	AFHÖLFA
	↓	RASK	TVÖ ÞÚSUND								
ÍSTRÁ	B	U	M	B	A	FORLÖG SIDA	Ö	R	L	Ö	G
FORMÖÐIR	A	M	M	A	VÍGT BORD SELUR	A	L	T	A	R	I
TVEIR EINS	R	R	VITLEYSA ÞÖKK	R	U	G	L	LYFTIDUFT DYLJA	G	E	R
VEIDAR- FÆRI	N	Ó	T	RIFA SLUMPUR	R	A	U	F	HREYFING NUDD	I	Ð
FÍFLAST	A	T	A	S	T	SPILLA HUG- FÖLGINN	M	E	N	G	A
	L	ÚTUNGUN TÖNSTIGI	K	L	A	K	SLIT HVÆSA	L	Ú	I	ILMUR
UNG- DOMUR	Æ	S	K	A	ÞJÁLFA NÝJA	Æ	F	A	ÓSKAR	BLÁSA	A
TVEIR EINS	K	K	SPIRA ÞEI	T	U	R	N	VÖNTUN BLEKKING	V	A	N
YNDI	N	A	U	T	N	GRAFÍSK AÐFERÐ	Æ	T	I	N	G
FLATFÓTUR	I	L	S	I	G	SIGTA	S	Á	L	D	A
SKISSA	R	I	S	S	A	ÓSKIPTAN	A	L	L	A	N

Sudoku þrautir

9		7					2	4
2	4		7	5	9		1	
1		6	8	4	2	9		
	6		4		1	5		
			3	2	6		8	1
	1		5	9	7			
					4		3	
	8		1		5		4	
4					8	1	9	5

2			4	5			8	
		9		6			4	3
7								1
5						3		
1		7	8		9	6		
	8				2			
3	7		1				5	6
				2	8	4		9
4		8			5	1		2



Eyvindur Pétur Eiríksson, rithöfundur og fyrrverandi lektor í íslensku, á stórafmæli nú 13. desember, verður áttæður. Af því tilefni stofna börn hans og vinir til málstefnu um verk hans og feril í Norræna húsinu í Reykjavík laugardaginn 5. desember kl. 14 til 16. Þá munu og ýmsir listamenn kynna verk hans á veitingahúsinu Sólun þar í borg um kvöldið. Allt gott fólk er auðvitað velkomið.

Eyvindur þessi er fæddur í Hnífsdal 1935, ættaður úr Árneshreppi en uppalinn á Hornströndum, Ísafirði, í Hnífsdal og Arnardal. Hefur einnig átt heima á Akureyri, í Reykjavík, Kópavogi, Finnlandi, Danmörku og Noregi. Hefur unnið fjölmörg störf á sjó og landi, m.a. á bátum og togurum, byggingar- og vegavinnu og hjá Könum í Keflavík.

Stúdent frá MA, BA frá HÍ í dönsku og ensku ásamt kennslufræði, síðar í íslensku, málvísindum og finnsku, og cand.mag. í íslenskri málfræði.

Stundaði helst kennslu, við gagnfræðaskóla og menntaskóla en lengst við háskóla, HÍ, KHÍ og var sjö ár lektor í Helsingfors og Kaupmannahöfn. Hann hefur samið greinar og fyrirlestra um málfræði og einnig komið fram sem sagnapútur í nokkrum löndum. Eftir um 1990 hefur hann aðallega fengist við ritstörf. Hann á fjögur börn og fimm barnabörn.

Frá Eyvindi hafa komið um fjörutíu skáldverk, þar á meðal sjö skáldsögur, fjórar barna- og unglingasögur, sjö ljóðabækur, átta leikverk og nokkrar þýðingar, á bókum, í útvarpi og sjónvarpi. Hann hefur og unnið sem skáld og sagnapútur með listamönnum á Íslandi, Ítalíu og í Kanada. Hann hefur unnið til nokkurra verðlauna, m.a. 1. verðlaun í leikritasamkeppni, einnig í samkeppni um ástarsögur, en helsta viðurkenning á verkum

hans er þó Laxnessverðlaunin og tilnefning til íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Hann dvelur á vetrum ýmist í Reykjavík eða með sambýliskonu sinni í Noregi, á sumrin gjarnan í Arnardal fyrir vestan.

Þar er hann við skriftir og ekki síst að gera upp gömlu húsin á nýbýlinu Holti, sem er í eigu þeirra bræðra, en foreldrar þeirra keyptu það býli með öllum landsréttindum 1944 eftir flutning úr Hlöðuvík á Hornströndum.

Atvinnuhúsnæði til leigu



Til leigu er atvinnuhúsnæði / verslunarrými á besta stað í bænum, í Silfurgötu 1 (Björnsbúð). Húsnæðið getur verið laust fljótlega.

Upplýsingar gefur Jakob Falur, s. 862 4272.

Þjónustuauglýsingar

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

OG

JARÐAR

Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði

www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

HG HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.

- sjálfbær nýting sjávarauðlinda

Íbúð til leigu. 3ja herbergja íbúð að Skógarbraut 3 á Ísafirði. Laus strax, upplýsingar í síma 863 3852

Látum draumana rætast um jólin



DENVER

Priggja sæta sófi. Með brúnu slitsterku microfiber áklæði. Stærð: 218 x 98 x 88 cm.


129.990 kr.
~~169.990 kr.~~



DENVER

Tveggja sæta sófi. Með brúnu slitsterku microfiber áklæði. Stærð: 168 x 98 x 88 cm.

99.990 kr.
~~129.990 kr.~~



BELINA

Borðstofuborð, eik/hvítt. Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

99.990 kr.
~~119.990 kr.~~



CARINA

Borðstofuborð, króm/hvítt. Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

109.990 kr.
~~129.990 kr.~~



L A Z B O Y®

PINNACLE

La-Z-Boy hægingastóll. Klæddur leðri á slitflötum. Fáanlegur í mörgum litum. Stærð: 84 x 90 x 100 cm

139.990 kr. ~~179.990 kr.~~



EIFFEL

Borðstofustóll. Svartur, grár og hvítur með svörtum löppum.

8.990 kr. ~~11.990 kr.~~



EIFFEL

Borðstofustóll. Svartur, grár og hvítur með krómlöppum.

9.990 kr. ~~13.990 kr.~~



www.husgagnahollin.is



www.husgagnahollin.is



www.betrabak.is



www.dorma.is



DORMA
Láttu drauminn rætast

Ísafirði
Skeiði 1

11 - 18 virka daga
11 - 16 laugardaga

www.husgagnahollin.is
456 4566



**HÚSGAGNA
HÖLLIN**